

Breytingartillaga til ársþings BLÍ 2026

Ný 16.1 gr. Viðurlög

Drög til umræðu og afgreiðslu á ársþingi.

1. Tillaga að breytingu á lögum BLÍ

Lagt er til að bætt verði inn nýrri grein, 16.1 gr., á eftir 16. gr. í lögum BLÍ. Að öðru leyti haldast löginn óbreytt.

16.1 gr. Viðurlög

- Brot á lögum BLÍ, reglugerðum BLÍ og öðrum reglum sem settar eru á grundvelli þeirra geta varðað viðurlögum.
- Heimilt er að beita eftirfarandi viðurlögum innan vébanda BLÍ, eftir eðli brots og aðstæðum:
 - Áminningu eða ávítum.
 - Banni við hvers konar störfum eða aðkomu að kappleikjum.
 - Óhlutgengisúrskurði, sem felur í sér útilokun frá þátttöku í keppni innan blakhreyfingarinnar, tímabundið eða til frambúðar.
 - Sviptingu réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan blakhreyfingarinnar.
 - Dagssektum gagnvart aðildarfélögum BLÍ og sektum á aðildarfélög BLÍ.
 - Úrskurði um leiki, þar á meðal að leikur teljist ógildur, skuli endurtekinn eða að úrslit hans séu dæmd.
 - Ákvörðun um greiðslu kostnaðar vegna máls, þegar við á.
- Nánari ákvæði um beitingu viðurlaga, málsmeðferð, fresti, birtingu, gildistöku og framkvæmd skulu vera í reglugerð BLÍ um aga og úrskurðarnefnd og eftir atvikum öðrum reglugerðum BLÍ.

2. Greinargerð

Á síðasta Íþróttapingi ÍSÍ var bætt við skýrri skyldu um að lög sérsambanda skuli innihalda viðurlög við brotum á lögum og reglum viðkomandi sambands. Markmið breytingarinnar er að tryggja að regluverk BLÍ uppfylli þessa kröfu og að skýr lagaheimild liggi fyrir um þau viðurlög sem heimilt er að beita innan BLÍ.

BLÍ hefur þegar í gildi reglugerðir sem kveða á um viðurlög og beitingu þeirra, meðal annars í reglugerð um aga og úrskurðarnefnd. Hins vegar hefur upptalning viðurlaga ekki verið sett fram með skýrum hætti í lagatexta BLÍ. Með því að bæta inn 16.1 gr. er lagastoð styrkt, fyrirsjáanleiki aukinn og gagnsæi bætt gagnvart félögum, iðkendum og öðrum sem starfa innan vébanda BLÍ.

Viðurlagaákvæðið er sett fram með almennri upptalningu þeirra úrræða sem heimilt er að beita. Nánari útfærsla um málsmeðferð, fresti, andmælarétt, birtingu og framkvæmd er áfram í reglugerðum BLÍ, þannig að hægt er að halda skýrum ferlum og uppfæra verklag án þess að grípa þurfi til lagabreytinga í hvert sinn.

Breytingin er afmörkuð við að bæta inn nýrri grein og hefur ekki áhrif á önnur ákvæði laga BLÍ, hlutverk aga og úrskurðarnefndar eða dómstóla BLÍ, nema að því leyti að skýrari lagastoð er nú til staðar fyrir þau viðurlög sem reglugerðir BLÍ gera ráð fyrir.

3. Gildistaka

Lagt er til að breytingin taki gildi þegar hún hefur verið samþykkt á ársþingi BLÍ og send ÍSÍ til staðfestingar samkvæmt reglum ÍSÍ.